

Mál nr. 4/2020

Miðvikudaginn 9. desember 2020.

Knattspyrnufélagið KR

gegn

Knattspyrnusambandi Íslands

### **Dómur áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands.**

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Eva B. Helgadóttir og Jóhannes Albert Sævarsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands, dags. 30. nóvember 2020. Áfrýjað er úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ dags. 25. nóvember 2020.

Áfrýjandi krefst þess að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að ákvörðun stjórnar KSÍ frá 30. október 2020 um að hætta keppni í Íslandsmótum og bikarkeppni KSÍ verði felld úr gildi. Varnaraðili lagði fram greinargerð þann 2. desember 2020 og krafðist þess að hinn áfrýjaði úrskurður yrði staðfestur.

#### **I**

Knattspyrnusambandi Íslands – KSÍ er samband héraðssambanda og íþróttabandalaga þeirra félag innan Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands – ÍSÍ sem iðka og keppa í knattspyrnu, sbr. 1.1. gr. laga KSÍ.

KSÍ á aðild að Knattspyrnusambandi Evrópu – UEFA og Alþjóðknattspyrnusambandinu – FIFA. KSÍ er bundið af reglum og ákvörðunum ÍSÍ, UEFA og FIFA, sbr. 3. gr. laga KSÍ, sem samþykkt voru á ársþingi sambandsins þann 22. febrúar 2020.

KSÍ er æðsta stjórnvald knattspyrnumála og hefur það hlutverk meðal annars að standa fyrir knattspyrnumótum fyrir aðildarfélög sín, sbr. 1. og 2. gr. laga KSÍ.

Knattspyrnuþing, sem kemur saman einu sinni á ári, fer með æðsta vald í málefnum KSÍ og setur nauðsynleg lög.

Milli knattspyrnuþinga fer stjórn KSÍ með æðsta vald í málefnum sambandsins, sbr. 7., 17., 20. og 44. gr. laga KSÍ. Stjórn KSÍ hefur samkvæmt ákvæðum þessum vald til að setja nauðsynlegar reglur og bráðabirgðaákvæði um knattspyrnumál, heimild til að setja reglugerðir um framkvæmd laga KSÍ og getur tekið lokaákvörðun um öll málefni

varðandi málefni knattspyrnu innan vébanda ÍSí sem lög þess eða reglugerðir KSÍ ná ekki sérstaklega til eða þegar meiriháttar utanaðkomandi atburðir krefjast þess.

Meti stjórn KSÍ það svo að nauðsynlegt sé að halda auka knattspyrnuþing hefur hún vald til að boða til þess, sbr. 13. gr. laga KSÍ. Samkvæmt ákvæðinu geta aðildarfélög KSÍ krafist aukabings hvenær sem þau telja þess þörf. Krafa þar að lútandi skal vera skrifleg og sett fram af helmingi aðildarfélaga.

Að afloknu knattspyrnuþingi ár hvert ber stjórn KSÍ að skipa átta fastanefndir meðal annars mótanefnd, sbr. 21. gr. laga KSÍ. Nefndir þessar starfa í umboði stjórnar KSÍ og starfa á grundvelli reglna sem stjórnin setur. Formaður fastanefndar skal annað hvort vera aðal- eða varamaður í stjórn KSÍ.

Mótanefnd annast yfirstjórn knattspyrnumóta KSÍ meðal annars skipulag landsmóta, niðurröðun þeirra og eftirlit með því að framkvæmd móta sé í samræmi við reglur KSÍ um knattspyrnumót, sbr. 28. gr. laga KSÍ.

## II

Sérhvert aðildarfélag KSÍ hefur rétt til að taka þátt í mótum á vegum KSÍ að uppfylltum lögbundnum þátttökuskilyrðum. Félag sem taka þátt í knattspyrnumótum á vegum KSÍ er í hvívetna skylt að virða ákvarðanir stjórnar KSÍ og nefnda sambandsins, sbr. 5. gr. laga KSÍ.

Allir leikmenn sem taka þátt í knattspyrnumótum á vegum KSÍ á tímabilinu 1. maí til 15. október í meistaraflokki með félagi sem á sæti í efstu deild karla skulu vera á samningi sbr. 23. gr. reglugerðar um knattspyrnumót.

## III

Í IX. kafla laga KSÍ er að finna reglur um knattspyrnumót. Samkvæmt 33. gr. laganna skal í öllum landsdeildum karla og kvenna leikin tvöföld umferð þannig að hvert lið leiki tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og að heiman. Um mót þessi, sem eru stigamót gilda lög KSÍ og reglugerð um knattspyrnumót sem stjórn KSÍ setur. Í 21. gr. gildandi reglugerðar um knattspyrnumót er að finna reglur um röð liða í stigakeppni. Samkvæmt þeim gildir sú regla að sá telst sigurvegari sem flest stig fær. Séu tvö lið jöfn að stigum gilda þær reglur sem nánar eru tilgreindar í 21. gr. reglugerðarinnar. Um ákvörðun sigurvegara í útsláttarkeppnum gildir sú regla að leikið skal til þrautar og ef ekki fást úrslit í leik skal gripið til vítaspyrnukeppni.

## IV

Covid-19 faraldurinn hefur herjað á heiminn frá lok síðasta árs en þann 11. mars 2020 lýsti Alþjóðaheilbrigðisstofnunin WHO yfir heimsfaraldri. Íslensk stjórnvöld settu á samkomubann hér á landi 13. mars 2020, sem stóð allt fram í maí 2020. Samkomubannið

gerði það að verkum að allt íþróttastarf lagðist af og ekki var heimilt að hefja knattspyrnumót á vegum KSÍ fyrr en komið var fram í júní 2020.

Þann 17. júlí 2020 samþykkti stjórn KSÍ reglugerð um viðmiðanir og sérstakar ráðstafanir vegna heimsfaraldurs kórónuveiru (Covid-19), hér eftir vísað til sem Covid-reglugerð.

Covid-reglugerðin var birt og kynnt öllum liðum sem þátt tóku í mótum á vegum KSÍ. Samkvæmt 4. gr. Covid-reglugerðarinnar var gert ráð fyrir því að öllum leikjum í Íslandsmótum skyldi lokið eigi síðar en 1. desember 2020. Jafnframt var tekið fram að einstökum leikjum eða mótum meistaraflokka yrði ekki frestað fram yfir 1. desember 2020.

Í 5. gr. Covid-reglugerðarinnar, sem ber fyrirsögnina „Úrslit ólokans móts. Móti aflýst.“ var mælt fyrir um það hvaða reglur skyldu gilda ef ekki væri unnt að ljúka Íslandsmóti í knattspyrnu karla og kvenna samkvæmt mótaskrá vegna faraldursins.

Svokölluð þriðja bylgja Covid-19 faraldursins gaus upp hér á landi í september s.l. Leiddi það til þess að stjórnvöld hertu aftur á sóttvarnaraðgerðum. Leiddu þær aðgerðir til þess að öll keppni í íþróttum var bönnuð. Bannið leiddi til þess að öllu mótahaldi á vegum KSÍ var upphaflega frestað um viku þann 7. október 2020 og var síðan frestað aftur.

Þann 30. október 2020 var reglugerð nr. 1051/2020 um takmörkun á samkomum vegna farsóttar birt. Með reglugerðinni var m.a. lagt bann við íþróttaiðkun frá 31. október til og með 17. nóvember 2020. Á fundi stjórnar KSÍ þann sama dag var tekin ákvörðun um að hætta keppni í Íslandsmótum og í bikarkeppnum karla og kvenna og ákveðið að úrslit færu eftir 5. gr. Covid-reglugerðarinnar.

## V

Af hálfu áfrýjanda er byggt á því að stjórn KSÍ hafi verið óheimilt að setja Covid reglugerðina þar sem hún fari gegn lögum sambandsins og öðrum reglum sem stjórn KSÍ hefur sett. Þannig geti stjórn KSÍ aðeins sett reglugerðir til framkvæmdar á lögum KSÍ. Byggir áfrýjandi á því að stjórn KSÍ geti ekki sett reglur sem fari gegn lögum KSÍ eða einhliða breytt lögum KSÍ, svo sem ákvæði 33.4. að „Í öllum landsdeildum karla og kvenna er leikin tvöföld umferð og leikur hvert lið tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman. Keppnin er stigakeppni.

Þá vísar áfrýjandi enn fremur til 33.5. gr. laga KSÍ:

*Öll knattspyrnumót og knattspyrnuleikir skulu fara fram samkvæmt lögum þessum og reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og leitast skal við að þau séu í samræmi við móta- og keppendareglur ÍSÍ, svo og starfsreglur knattspyrnuráða, sem samþykktar hafa verið af viðkomandi héraðssambandi og staðfestar af KSÍ.*

Áfrýjandi byggir á því að stjórn KSÍ geti ekki sett reglugerð sem heimili aðra útfærslu á knattspyrnumótum sambandsins en lög þess tilgreina. Lög KSÍ heimili hvorki né geri ráð fyrir því að úrslit móta ráðist á annan hátt en samkvæmt stigakeppni þar sem lið mætast í

tvöfaldri umferð, þar sem hvert lið mætir hverju hinna liðanna tvívegis, heima og að heiman.

Vísar áfrýjandi til þess að í lögum og reglugerðum KSÍ sé gert ráð fyrir því að hægt sé að bregðast við þegar meiriháttar atvik verða og leikur eða eftir atvikum leikir verði ekki spilaðir. Þannig segir í 15.6. gr.

*„Farist kappleikur fyrir eftir ákvörðun dómara eða mótanefndar vegna veðurs, ástands vallar eða annarra óviðráðanlegra orsaka eða leik er hætt áður en fullum leiktíma er náð skal dómari tilgreina ástæður í skýrslu til mótanefndar. Mótanefnd skal að teknu tilliti til aðstæðna ákvarða hvort úrslit skulu standa sé leikur flautaður af áður en fullum leiktíma er náð, leikur skuli leikinn í heild að nýju eða hann leikinn frá þeirri mínútu er dómari flautaði leik af. Miðað skal við að leik sé framhaldið frá þeirri mínútu sem honum var hætt, ef við verður komið og þá skv. forsendum um þátttöku leikmanna sem mótanefnd ákveður. Sé leikaðili í sök skal mótanefnd taka tillit til þess við ákvörðun sína um hvort úrslit skuli standa ef leikur er flautaður af áður en fullum leiktíma er náð, leikur skuli leikinn í heild að nýju eða hann leikinn frá þeirri mínútu er dómari flautaði leik af. Hafi leikur ekki verið flautaður á skal hann fara fram næsta dag sem fær þykir og við verður komið.“*

Telur áfrýjandi að með reglunni sé beinlínis gert ráð fyrir því að farist leikur fyrir vegna óviðráðanlegra orsaka og hafi leikur ekki verið flautaður á þá skuli hann fara fram næsta dag sem fær þykir og við verður komið. Þá telur áfrýjandi að stjórn KSÍ hafi ekki heimild til þess að breyta formi stigakeppni né heldur að ákvarða hlutfallstölu stiga eða fara nokkra aðra leið til þess ráða úrslitum Íslandsmóta eða bikarkeppni. Gildi þar einu hver atvik séu enda hafi stjórn KSÍ enga heimild til þess að víkja lögum sambandsins til hliðar, hvorki tímabundið né varanlega. Einungis þing sambandsins sé til þess bært.

Áfrýjandi telur að Covid-reglugerð stjórnar KSÍ fari með skýrum hætti gegn lögum KSÍ og þá um leið gegn því sem félögin hafa sjálf sett sér sem leikreglur á þingi sambandsins. Telur áfrýjandi af sömu ástæðu ljóst að dagsetningin 1. desember 2020 hafi enga þýðingu. Ekki sé að finna heimild fyrir stjórn KSÍ að breyta lokadegi Íslandsmótsins. Ákvæði greinar 44.1. veiti stjórn KSÍ enga heimild til að fara gegn skýrum ákvæðum laga KSÍ.

Þá telur áfrýjandi að meginþorri stjórnarmanna KSÍ hafi verið vanhæfir til þess að taka ákvörðunina þann 30. október 2020 vegna tengsla við félög sem hafi haft hagsmuni af hinni kærðu ákvörðun, sbr. m.a. formaður og varaformaður stjórnar KSÍ. Um þetta vísar kærandi til 1. og 6. t.l. stjórnarsýslulaga. Þetta leiði til vanhæfis stjórnarinnar í heild á þeim fundi er ákvörðunin var tekin.

## VI

Varnaraðili hafnar því að með Covid-reglugerðinni hafi verið settar nýjar reglur sem fari í bága við ákvæði laga KSÍ.

Varnaraðili vísar til þess að Covid-reglugerðin breyti ekki leikjafyrirkomulagi Íslandsmótsins, heldur fjalli hún um það hvernig skuli bregðast við ef ekki reynist unnt að ljúka Íslandsmótinu með þeim hætti sem lög KSÍ og reglur settar af stjórn KSÍ mæla fyrir um. Hvorki í 33. gr. né í öðrum ákvæðum laga KSÍ eða reglugerðum settum af KSÍ, sé að finna reglur um það hvernig skuli bregðast við og ákveða úrslit ef ekki takist að ljúka móti vegna óviðráðanlegra aðstæðna. Ákvæði gr. 15.6. í reglugerð stjórnar KSÍ um knattspyrnumót, sem áfrýjandi vísi til séu þýðingarlaus, bæði efnislega og formlega. Formlega þar sem um er að ræða reglu setta af stjórn KSÍ um það hvernig bregðast eigi við ef einstaka kappleikur ferst fyrir vegna óviðráðanlegra aðstæðna og því gætu þær reglur ekki takmarkað heimildir stjórnarinnar til að setja nýjar eða aðrar reglur ef svo ber undir, en efnislega þar sem ákvæðið fjallar ekki um það tilvik að ekki sé hægt að ljúka móti vegna utanaðkomandi aðstæðna.

Varnaraðili byggir á því með vísan til hlutverks stjórnar KSÍ og 44. gr. laga KSÍ, hafi það verið hlutverk og á ábyrgð stjórnar KSÍ að taka ákvörðun um það hvernig skyldi bregðast við ef þær aðstæður kæmu upp að ekki væri talið unnt að ljúka yfirstandandi móti. Áður en til þess hafi komið að stjórn KSÍ stæði frammi fyrir þeirri ákvörðun setti stjórnin reglur og viðmiðanir fyrir slíka ákvörðun. Með þeim hætti setti stjórnin sér fyrirfram hlutlægar og málefnalegar viðmiðanir eða reglur sem hún ætlaði að notast við ef sú staða kæmi upp að aflýsa þyrfti mótum og kynnti aðildarfélögunum.

Varnaraðili vísar til þess að ekki sé um það deilt að reglur stjórnarinnar séu hlutlægar, málefnalegar og tryggji aðildarfélögum fyrirsjáanleika ef upp komi þær aðstæður að aflýsa þurfi mótshaldi.

Þá bendir varnaraðili á að á stjórn KSÍ hvíli sú skylda að tryggja að fyrirkomulag keppnishalds hér á landi samræmist skuldbindingum sambandsins vegna aðildar að UEFA og FIFA, sem og skuldbindingum einstakra félaga og leikmanna, og skuldbindingum vegna félagaskipta- og landsleikjatímabila. Þá séu ótaldir fjölmargir aðrir þættir sem eiga sérstaklega við hér á landi og snúa t.d. að óvissu tíðarfari, ástands valla, lýðheilsu, samgöngum yfir vetrartímann, og kostnaði félaga af því að halda úti starfsemi um óvissan tíma o.fl.

Varnaraðili vísar til þess að þessi staða og alþjóðleg samræming á keppnisfyrirkomulagi sé enn frekari rök gegn því að dómstólar KSÍ, eða aðildarfélag að sambandinu, geti knúið fram aðra niðurstöðu á fyrirkomulagi mótahalds en stjórn KSÍ hafi ákveðið.

Þá hafnar varnaraðili því að það hafi borið að kalla saman aukaping sambandsins til að setja reglur eða lög um viðbrögð við Covid 19 heimsfaraldrinum eða fyrirmælum stjórnvalda vegna hans. Lög KSÍ séu alveg skýr um það að stjórn KSÍ fari með æðsta vald í sambandinu milli þinga. Að auki sé sérstaklega kveðið á um það í lögum sambandsins að það sé hlutverk stjórnarinnar að bregðast við og taka ákvarðanir ef upp koma meiriháttar utanaðkomandi atburðir sem bregðast þarf við, sbr. 44. gr. laga þess. Yrði aukaping sambandsins kallað saman hefði það engar heimildir til að taka ákvarðanir í þá veru sem áfrýjandi heldur fram. Ábyrgðin og skyldan liggja hjá stjórn KSÍ og hún taki lokaákvörðun um viðbrögðin.

Varnaraðili telur óumdeilt að ekki voru fyrir hendi lagaákvæði sem fjalli um viðbrögð við því þegar utanaðkomandi aðstæður standa í vegi fyrir því að hægt sé að ljúka mótí og hvernig beri að ákvarða úrslit og rétt til þátttöku í Evrópukeppni, ef svo ber undir. Stjórn KSÍ hafi því bæði verið rétt og skylt að setja fyrst reglugerð um viðbrögð við slíkum aðstæðum og síðan að taka ákvörðun um að hætta keppni og ákveða úrslit í mótinu.

Hvað varðar málsástæðu áfrýjanda um vanhæfi formanns og varaformanns stjórnar KSÍ þá áréttar varnaraðili að viðkomandi aðilar gegna hvorki trúnaðarstöfum fyrir umrædd félög né eru fyrirsvarsmenn þeirra. Ekki sé rétt hjá áfrýjanda að engar reglur hafi verið settar um sérstakt hæfi stjórnarmanna. Í 16. gr. laga KSÍ sé kveðið á um það að stjórn KSÍ skuli starfa eftir starfsreglum sem hún setur sér. Núverandi starfsreglur stjórnar séu frá 11. apríl 2019 og í 10. gr. þeirra sé að finna reglur um hæfi stjórnarmanna til að taka þátt í einstaka ákvörðunum stjórnar. Hvorki samkvæmt fyrrgreindum reglum um hæfi, eða samkvæmt reglum stjórnsýslulaga sem áfrýjandi vísi til, hafi formaður eða varaformaður verið vanhæfir til að taka þátt í setningu reglugerðar um viðbrögð við Covid eða taka þátt í hinni kærðu ákvörðun stjórnar KSÍ um að hætta keppni og ákvarða úrslit þann 30. október s.l. Hafi þessir stjórnarmenn engra persónulegra hagsmuna átt að gæta og aðild þeirra að félögum sem töldust sigurvegarar samkvæmt ákvörðun stjórnarinnar hafi heldur ekki þau áhrif að þau teljist hafa „átt sérstaka og verulega hagsmuni að gæta umfram aðra“. Séu þetta jafnframt sömu sjónarmið og almennt séu lögð til grundvallar við mat á hæfi.

## VI

### Niðurstaða

Reglugerð KSÍ um viðmiðanir og sértækar ráðstafanir vegna heimsfaraldurs kórónaveiru (Covid-19) var samþykkt af stjórn KSÍ 17. júlí 2020. Um tímabundna reglugerð er að ræða sem aðeins skyldi ná yfir keppnistímabilið 2020 og fellur hún sjálfkrafa úr gildi þann 31. desember 2020. Samkvæmt efni sínu gildir reglugerðin um Íslandsmót og bikarkeppni í meistaraflokki keppnistímabilið 2020 ef grípa þarf til sértækra ráðstafana vegna heimsfaraldursins Covid-19, sbr. 1. gr. Eins og fram kemur í greinargerð með reglugerðinni var hún sett með gagnsæi og fyrirsjáanleika í mótahaldi að leiðarljósi.

Lagasetningarvald KSÍ er hjá knattspyrnuþingi, en á aukapíngi verða ekki gerðar lagabreytingar, sbr. grein 13.5. um aukapíng. Stjórn KSÍ fer með æðsta vald í málefnum KSÍ á milli knattspyrnuþinga, sbr. b. lið greinar 7.1. laga KSÍ. Innan starfssviðs stjórnar KSÍ er m.a. að setja nauðsynlegar reglur og bráðabirgðaákvæði um knattspyrnumál á Íslandi, sbr. 5. tl. greinar 17.1. Þá er stjórn KSÍ falið vald milli ársþinga til að setja nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni, sem snúa að allri framkvæmd laganna, sbr. grein 20.1. Nær það jafnt til breytinga á gildandi reglugerðum sem og setningu nýrra reglugerða. Skulu nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum kynntar aðildarfélögum með dreifibréfi og taka þær gildi samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar KSÍ, sbr. grein 20.2.

Lög KSÍ taka á engan hátt sérstaklega á þeim fáheyrðu aðstæðum sem uppi hafa verið á Íslandi vegna heimsfaraldurs kórónaveiru. Lögin gera þó ráð fyrir að stjórn KSÍ hafi lokaákvörðun um öll þau málefni varðandi knattspyrnuna sem lögin eða reglugerðir KSÍ ná ekki sérstaklega til, sbr. 44. gr. laga KSÍ. Setning Covid-reglugerðar KSÍ 17. júlí 2020 var þannig viðbragð stjórnar KSÍ við mögulegum aðstæðum sem upp kynnu að koma og lögin tóku ekki sérstaklega á. Reglugerðin var byggð á mati stjórnar KSÍ á nauðsyn þess að til staðar væru reglur sem tækju á því hvernig færi með lok og úrslit Íslandsmóts og bikarkeppni í meistaraflokki 2020 ef heimsfaraldurinn drægist á langinn og ekki væri hægt að ljúka keppnum inn vébanda KSÍ fyrir 1. desember 2020.

Það er niðurstaða áfrýjunardómstóls KSÍ að Covid-reglugerðin hafi verið sett með stjórnskipulega réttum hætti af stjórn KSÍ þann 17. júlí 2020. Það verður því ekki fallist á þá málsástæðu áfrýjanda að reglugerðin hafi ekki gildi við úrlausn málsins.

Í reglugerð KSÍ um félagsskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga kemur fram að keppnistímabil á Íslandi telst standa frá 1. febrúar til 15. október. Á fundi stjórnar KSÍ 14. maí 2020 var samþykkt tímabundin reglugerðarbreyting um að framlengja keppnistímabilið 2020 til 15. nóvember 2020. Með setningu Covid-reglugerðarinnar 17. júlí 2020 skyldi knattspyrnutímabilinu 2020 lokið eigi síðar en 1. desember 2020. Stjórn KSÍ mat það svo þann 30. október 2020 í ljósi aðstæðna að keppnistímabilinu 2020 yrði ekki lokið fyrir 1. desember 2020 og tók því ákvörðun um að virkja ákvæði Covid-reglugerðarinnar um að aflýsa Íslandsmóti og bikarkeppni keppnistímabilsins 2020 í meistaraflokki með þeim réttaráhrifum sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðarinnar.

Sú ákvörðun stjórnar KSÍ var tekin með stoð í 44. gr. laga KSÍ, sbr. og 5. gr. og 8. gr. Covid-reglugerðarinnar. Í ákvæði 44. gr. laganna segir að stjórn KSÍ taki lokaákvörðun um öll þau málefni varðandi knattspyrnu innan vébanda ÍSÍ sem lög þessi eða reglugerðir KSÍ ná ekki sérstaklega til eða þegar meiriháttar utanaðkomandi atburðir krefjast þess.

Mat á því hvað teljast vera meiriháttar utanaðkomandi atburðir hvílir á stjórn KSÍ hverju sinni. Hvort það mat byggir á lögsmætum sjónarmiðum getur sætt endurskoðun aga- og úrskurðarnefndar KSÍ eða áfrýjunardómstóls KSÍ eftir atvikum.

Sá utanaðkomandi atburður sem varð tilefni þess að Covid-reglugerðin var sett 17. júlí 2020 er heimsfaraldur kórónuveirunnar sem Íslendingar hafa ekki farið varhluta af og markað hefur allt keppnis- og mótahald á Íslandi frá því fljótlega eftir að keppnistímabilið 2020 hófst þann 1. febrúar sl. Sóttvarnartakmarkanir stjórnvalda, þá sérstaklega þær sem lúta að samkomutakmörkunum, hafa á löngum tímabilnum gert alla keppni í hópíþróttum ómögulega eða illmögulega þegar best hefur látið. Þegar Covid-reglugerðin var sett í júlí 2020 hafi verið blikur á lofti og mat stjórn KSÍ það svo að nauðsynlegt væri að hafa tiltækar reglur sem tækju á því hvernig aflýsa mætti keppnistímabilinu 2020 ef fyrirsjáanlega væri ekki hægt að ljúka því með tvöfaldri umferð þar sem hvert liði léki tvo leiki gegn hverju hinna liðanna, heima og heiman, þar sem fjöldi stiga réði úrslitum í deildarkeppni, sbr. 33.4. grein laga KSÍ.

Þegar ákvörðun stjórnar KSÍ var tekin 30. október 2020 um að slíta knattspyrnumótum á vegum KSÍ í meistaraflokki samkvæmt Covid-reglugerðinni lá fyrir að herða ætti á takmörkun á samkomum vegna farsóttar, sbr. reglugerð heilbrigðisráðherra nr. 1051/2020 sem tók gildi 31. október 2020 og gildi til og með 17. nóvember 2020. Fyrimæli reglugerðarinnar um takmarkanir á starfsemi vegna sérstakrar smithættu, sbr. 5. gr., útilokaði áfram allt keppnis- og mótahald fram til 17. nóvember 2020 hið skemmsta. Vonir um að ljúka mætti keppni 2020 brugðust vegna heimsfaraldursins. Bent er á að brot gegn sóttvarnarlögum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim sætir refsiviðurlögum, sbr. 19. gr. sóttvarnarlaga nr. 19/1997. Það var því mat stjórnar KSÍ að ómögulegt væri að ljúka deildarkeppni og bikarkeppni innan þeirra tímamarka sem gildandi Covid-reglugerð kvað á um.

Ákvörðun stjórnar KSÍ 30. október 2020 byggir á Covid-reglugerð KSÍ sem sett var með stjórnskipulega réttum hætti eins og að framan greinir. Stjórn KSÍ framkvæmdi heildstætt mat á öllum aðstæðum, atvikum og áhrifum þess ef mótum yrði ekki lokið innan tímamarka reglugerðarinnar. Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á að aðstæður hafi verið með öðrum hætti en lýst hefur verið hér að framan og að mat stjórnar KSÍ hafi byggt á öðru en málaefnalegum sjónarmiðum þar sem mat á heildarhagsmunum aðildarfélaga KSÍ hafi verið hafðir í huga. Áfrýjunardómstóll KSÍ fellst því ekki á þá málsástæðu áfrýjanda að lokaákvörðun stjórnar KSÍ frá 30. október 2020 hafi ekki verið byggð á réttum lagalegum grundvelli og nauðsyn vegna meiriháttar utanaðkomandi atburðar.

Með vísan til þessa og að öðru leyti með vísan til forsendna í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ er hinn áfrýjaði úrskurður staðfestur.

### **Dómsorð**

Hinn áfrýjaði úrskurður er staðfestur.

Sigurður G. Guðjónsson [sign]

Eva B. Helgadóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]